



Fréttabréf AkureyrarAkademíunnar

apríl 2021

Gleðilegt sumar kæru viðtakendur!

Hér kemur annað fréttabréf AkureyrarAkademíunnar á þessu ári og í því er greint frá helstu tíðindum úr starfinu á vettvangi AkAk frá því að síðasta fréttabréf var sent út í febrúar sl.

Góðar stundir!

Starfið

AkureyrarAkademían fékk nýlega verkefnastyrki frá [Menningar- og viðurkenningasjóði KEA](#) og [Menningarsjóði Akureyrar](#) sem fela í sér að akademónar verða með fyrirlestra fyrir íbúa öldrunarheimilanna í bænum og aðra bæjarbúa síðar á þessu ári. Undanfarin ár hafa AkAk og öldrunarheimilin haft með sér gjöfult samstarf um slíkt fyrirlestrahald sem Menningar- og viðurkenningasjóður KEA og Samfélagssjóður Norðurorku hafa stutt myndarlega við. Við hjá AkAk erum þakklát fyrir þann stuðning sem verkefnið hefur fengið og hlökkum til áframhaldandi samstarfs við öldrunarheimilin.

Eins og greint var frá í síðasta fréttabréfi vinnur Margrét Guðmundsdóttir sagnfræðingur að því fyrir AkAk að taka saman yfirlit yfir verk sem háskólafolk og aðrir fræðimenn hafa unnið að á vettvangi AkAk frá stofnun Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi árið 2006 og til þessa dags. Verkefnið gengur vel og hér eru tíundaðir nokkrir fróðleiksmolar úr þeirri áhugaverð mynd sem þar kemur fram. Á árunum 2006 til 2021 var innanhúsfólk við nám og/eða störf við 16 háskóla, fimm innlenda og 11 erlenda. Á þessum tíma hefur 21 verið í doktorsnámi, 34 unnið að meistara ritgerð og fjórir verið í grunnnámi. Fyrir utan námsfólk hefur fjölbreyttur hópur vísinda-, fræði- og listamanna fundið sér samastað í tilverunni um lengri eða skemmri tíma innan veggja AkAk. Á næstunni verður haft samband við þá sem yfirlitið tekur til og þeim greint nánar frá þessari vinnu.

AkureyrarAkademían og ReykjavíkurAkademían hafa endurnýjað [samstarfssamning](#) sinn til næstu þriggja ára. Markmið samningsins er að efla samstarf milli stofnananna og fræðimanna þeirra með áherslu á samráðsfundi og málþing, miðlun hagnýtra og stjórnunartengdra upplýsinga, rannsóknir og miðlun og nýtingu aðstöðu og húsnæðis. Í tilefni af nýja samningnum hafa stjórnir AkAk og RA ákveðið að vera með rafrænan málfund 26. apríl nk. kl. 12:00-13:00 þar sem þær og akademónar koma saman til að eiga samtalið um: *Hvernig förum við að því að efla samstarf AkureyrarAkademíunnar og ReykjavíkurAkademíunnar til framtíðar?* Greint verður frá þessum málfundi í næsta fréttabréfi.

Ársfundur AkureyrarAkademíunnar verður haldinn 20. maí nk. Dagskrá er samkvæmt [12. gr. skipulagsskrár AkAk](#). Á fundinum mun Margrét Guðmundsdóttir sagnfræðingur einnig kynna niðurstöður þess verkefnis sem hún vinnur nú að fyrir AkAk.

Innanhúsfólk

Frá því að síðasta fréttabréf AkAk kom út í febrúar sl. hefur innanhúsfólk unnið að fjölbreyttum verkefnum, birt greinar og ritverk og flutt erindi á fundum og ráðstefnum.

Martina Huhtamäki lektor í norrænum málum við Háskólann í Helsinki birti grein í fræðitímaritinu *Tal och Språk/Speech and Language*. Greinin heitir [Rutin och beröm. Prosodiska drag hos bra som uppföljning under personlig träning i Finland och Sverige](#). Greinin fjallar um hljómfallið í orðinu „bra“ (ísl. fínt) í upptökum úr einkaþjálfun á sænsku. Gögn úr finnsk-sænsku og sænsk-sænsku eru borin saman hvað varðar hljómfall, tíðni og notkun orðsins. Markmiðið er að rannsaka hvort það sé menningarmunur milli Finnlands og Svíþjóðar varðandi orð sem fela í sér mat, eins og „bra“. Rannsóknin fellur undir samskiptamálvísindi (interactional linguistics) og málnotkunarfræði í mállýskum (variational pragmatics) og sameinar eigindlegar og megindlegar aðferðir.

Á næstunni kemur út bókin, *Saga netagerðar á Íslandi* eftir Sigurgeir Guðjónsson sagnfræðing. Útgefandi er Félag vélstjóra og málmæknimanna (VM). Netagerð eru þar ein af fleiri fagreinum og í ritinu er þróun netagerðar fylgt frá fyrri öldum til nútímans. Einstakir forvígismenn greinarinnar eru kynntir og þeirra framlag rakið. Einnig fylgir samantekt á launa- og stéttabaráttu Nótar, félags netagerðarmanna. Á fyrstu árum Nótar unnu margar konur í netagerð og var félagið öflugt þegar kom að jafnlaunastefnu kynjanna og almennri jafnréttisbáttu kvenna. Jafnframt er því lýst hvernig reynt var að efla netagerð sem löggilda iðngrein innan íslensks skóla- og menntakerfis. Ásamt útgáfunni verður bókin aðgengileg á rafrænu formi á heimasíðu félagsins, www.vm.is. Þess ber geta að árið 2017 gaf félagið út, *Saga vélstjórstéttarinnar á Íslandi*, og var Sigurgeir einnig höfundur að þeirri bók.

Valgerður S. Bjarnadóttir nýdoktor við menntavísindasvið HÍ var með erindi ásamt Andreu S. Hjálmsdóttur lektor við HA á rafrænum fundi á alþjóðlegum baráttudegi kvenna þann 8. mars sl. sem ASÍ, BHM, BSRB, KÍ og KRFÍ stóðu fyrir og var yfirskriftin *Konur í kafi - kynjajafnrétti á tímum heimsfaraldurs*. Erindi Valgerðar og Andreu hét *Bakslag eða afhjúpun: Heimilislíf og jafnrétti í fyrstu bylgju Covid frá sjónarhóli mæðra*.

Valgerður var einnig með tvö erindi á alþjóðlegri rafrænni ráðstefnu sem HA stóð fyrir 25. og 26. mars sl. með yfirskriftinni [The Role of Universities in Addressing Societal Challenges and Fostering Democracy: Inclusion, Migration, and Education for Citizenship](#). Fyrri erindið hélt Valgerður með Guðrúnu Geirsdóttur og var yfirskrift þess: *Student representatives in Icelandic universities: Positions, purpose and power* og það seinna með Jóni Torfa Jónassyni og hét það: *Increased access to higher education: Supporting democracy or sacrificing quality?* Bæði erindin eru afrakstur rannsóknarverkefnis um lýðræðislegt hlutverk háskóla sem Valgerður tekur þátt í.

Valgerður er ennfremur höfundur tveggja kafla í nýrri bók um norrænu skólakerfin [What Works in Nordic School Policies?](#) sem hún skrifaði með Jóni Torfa Jónassyni og Guðrúnu Ragnarsdóttur. Fyrri kaflinn heitir *The Intricacies of Educational Development in Iceland: Stability or Disruption?* og sá seinni *Evidence and Accountability in Icelandic Education – An Historical Perspective?* Bókin er framlag til alþjóðlegra rannsókna um samanburð á menntastefnum og áhrifum þverþjóðlegra stofnana á skólastefnu þjóða og umbótastarf. Í bókinni er skoðuð merking Norræna mómódelisins eða Norrænu víddarinnar fyrir skóla- og menntastefnu og fjallað er ítarlega um skólastefnu norrænu landanna,

Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar og hvernig þau takast á við þverþjóðlegt samstarf í skólamálum, svo sem skólaumbætur, kröfur um ábyrgð, gagnasöfnun og tölvuvæðingu.

Þórhallur S. Bjarnason véla- og orkutæknifræðingur tekur þátt í fjölþjóðlegu verkefni um framleiðslu á hreinu og kolefnisfríu eldsneyti sem unnið er úr lofti og vatni. Vannýttir auðlindastraumar frá jarðhitasvæðum og vistvæn raforka verða nýttir fyrir framleiðsluna og er sérstaklega horft til jarðhitasvæða í Þingeyjarsýslum. Gert er ráð fyrir að framleiðsla fyrsta áfanga muni samsvara árlegri orkuþörf 1500 rafbíla og að í næsta áfanga muni framleiðslan samsvara orkuþörf 200.000 rafbíla.

Kastljósið

Hér er kastljósinu beint að einum einstaklingi í fræðimannahópnum sem hefur aðsetur í húsnæði AkAk og að þessu sinni er það Hulda Sædís Bryngeirsdóttir.

Hulda Sædís er hjúkrunarfræðingur MSc. og doktorsnemi í heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri. Doktorsrannsókn Huldu Sædísar er um eflingu kvenna sem beittar hafa verið ofbeldi í nánú sambandi (e. post-traumatic growth among women who have suffered intimate partner violence). Markmiðið er að greina hvaða leiðir konur fara til að eflast þrátt fyrir reynslu sína af ofbeldi í nánú sambandi, þeim sjálfum, ástvinum þeirra og samfélaginu í heild til heilla. Hulda Sædís er í samstarfi við alþjóðlega rannsóknarhópinn MiStory sem rannsakar kynbundið ofbeldi gegn konum undir stjórn Dr. Denise Saint Arnault, prófessor við Michigan háskóla. Aðalleiðbeinandi Huldu Sædísar í doktorsnáminu er Dr. Sigríður Halldórsdóttir en Dr. Sigríður stýrir íslenska hluta rannsóknarhópsins. Rannsóknin hefur hlotið styrki frá Jafnréttissjóði (2019 og 2020) og frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga. Gagnasöfnun fór fram í samstarfi við ýmis hagsmunasamtök, hagsmunahópa og einstaklinga sem vinna gegn kynbundnu ofbeldi. Hægt var að taka þátt í rannsókninni á heimasíðu Jafnréttisstofu. [Sjá nánar hér.](#)

AkureyrarAkademían, Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri, sími 833-9861.

Veffang www.akak.is

Ábyrgðarmaður Fréttabréfs AkAk Aðalheiður Steingrímsdóttir
adalheidur.steingrimsdottir@akak.is